

22. apríl 2020.

Hverfisráð Hríseyjar  
bt. Bæjarráð Akureyrar  
Geislagoðu 9  
600 Akureyri

Ferðaþjónusta skiptir sífellt meira máli fyrir atvinnulíf í Hrísey. Heimsfaraldurinn Covid-19 ógnar mjög afkomu þeirra sem starfa með beinum eða óbeinum hætti á þessu sviði í eyjunni og hafa rekstraraðilar í ferðaþjónustu miklar áhyggjur af komandi sumri. Hér eins og viða annars staðar eru sumarmánuðirnir þrír hryggjarstykið í heilsársrekstri, til dæmis hjá verslun, og veitingashúsum. Erlendra ferðamanna á eigin vegum er ekki að vænta í sumar og komur skemmtiferðaskipa virðast úr sögunni. Fyrir skemmtstu afboðaði skipið Ocean Diamond tólf heimsóknir til eyjarinnar og viðbúið er að önnur skip geri slíkt hið sama.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gefa út svokallaðar ferðaávisanir fyrir alla yfir 18 ára aldri og er alveg ljóst að mikil samkeppni verður um að ná í þennan hóp. Hér í Hrísey er hafin vinna hjá Ferðamálafelaginu við að búa til skemmtilegar pakkaferðir til Hríseyjar með góðum afsláttum ef fólk kýs að nota þessa ávisun hér.

Til að styðja við þetta átak okkar og renna styrkari stoðum undir atvinnulífið í eyjunni, förum við þess á leit við Akureyrarbæ að hann styrki okkur með því að greiða fargjöld i Hríseyjarferjuna fyrir alla í einn mánuð í sumar. Slik ráðstöfun myndi skila miklu til eyjarinnar og yrði gott markaðsátaskum sem hægt væri að ráðast í vegna aðstæðna í þjóðfelaginu. Við erum þess fullviss að margir íbúar á Norðurlandi sem ekki hafa komið í Hrísey myndu nýta sér þetta tilboð og einnig aðrir landsmenn en ótrúlega stór hluti þeirra hefur aldrei komið til Hríseyjar. Þetta hefur oft verið rætt í gegnum tíðina og fyrir allmögum árum var þetta gert eina helgi á ári og auglýst vel og var mikil aðsókn og mikil ánægja hjá öllum.

Með von um góðar undirtektir.

F.h Ferðamálafelags Hríseyjar og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu í Hrísey.

Linda María Asgeirsdóttir  
Enginir Kognassoos  
Jóhann Þórhallsssoos  
Gunnar Ólafsson